

Sumarbústaðir



RC húsin eru íslensk smíði og löngu þekkt fyrir fegurð, smekklega hönnun, mikil gæði og óvenju góða einangrun. Húsin eru ekki einingahús og þau eru samþykkt af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Stuttur afgreiðslufrestur. Hringdu og við sendum þér upplýsingar. Íslensk-Skandinavíska hf., Síðumúla 31, s. 91-685550.

Fasteignir



RC húsin eru íslensk smíði og löngu þekkt fyrir fegurð, smekklega hönnun, mikil gæði og óvenjugóða einangrun. Húsin eru ekki einingahús og þau eru samþykkt af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Stuttur afgreiðslufrestur. Hringdu og við sendum þér upplýsingar. Íslensk-Skandinavíska hf., Síðumúla 31, sími 91-685550.

Vörubílar



Volvo F-86, árg. 1975, til sölu, góð dekk, pallur 5,70, laus skjólborð, góður bíll. Uppl. hjá Vöku milli kl. 9 og 18 í síma 91-676700, Bjarni.

Vinnuvélar



Til sölu traktorsgrafa, FAI 266, árg. '87, snjófjölplógur getur fylgt. Einnig FAI 898, árg. '94. 12 ára reynsla. Frábærar vélar í einkaeign. Upplýsingar í síma 91-681305.

Sendibílar



Volvo FL7, árg. 1987, skiptigámabíll með lyftu, 2 aukagámar. Iveco 35-10, árg. 1992, með kæli. Uppl. gefur Ársæll Magnússon í síma 985-22544.

Bílar til sölu



Dodge Power Ram 4x4, árg. '89, 6 cyl., Cummings-turbo, dísil, sjálfskiptur, ný 33" dekk, nýskoðaður. Athuga skipti. Uppl. hjá Nýju Bílahöllinni, s. 672277, og eftir kl. 19 í síma 91-73913.


Ragnheiður Jónsdóttir á Kjarvalsstöðum:

Teikningin og óreiða hugans

Ef það er satt sem Dagur Sigurðarson sagði alltaf, að til væru tvenns konar menn, teiknara og kóloristar eða lithugsandi menn, þá má segja að kólorisminn hljóti að vera eitt af ráðandi einkennum íslenskrar þjóðarsálar: við höfum nefnilega ekki átt nema örfáa góða teiknara og teikningin hefur alla tíð verið afskipt í íslensku listalífi og í íslenskrum listaumfjöllun. Sjálfur var Dagur kóloristi og slakur teiknari, en mat þó mikils teiknunnáttu annarra, enda vinur hans, Alfreð Flóki, snjall teiknari, bæði að upplagi og skoðun. Kannski tengist þessi landlægi kólorismi frásagnarhefðinni, þótt teikning þyki reyndar alla jafna betur fallin til frásagnar en litaverk.

Sögur Íslendinga eru ekki eins og sögur annarra þjóða. Þær eru eins og ofið teppi: settar saman af finlegum þráðum, en samdar frekar út frá heildarmyndinni og persónusköpuninni en smáatriðunum og söguþræðinum. Teikningin er vitræn og teiknuð frásögn er líkust rökræðu, en litverkin eru yfirleitt ýmist af tilfinningalegum toga, eða svo almenn að þau verða metafýsísk eða jafnvel dulspekileg. Málverk kóloristans fjalla sjaldnast um nokkuð, heldur eru eins og innlegg í veruleikann – viðbót sem getur orðið kveikjan að einhverju nýju eða verkað líkt og hugljómun til að hjálpa áhorfendum til að skoða veruleikann á annan hátt. Teikningar eru alla jafna bundnar viðfangsefninu og líkjast umfjöllun eða jafnvel korti af myndefninu – uppdrætti.

En ef eitthvað er til í því sem Dagur sagði – hvernig ber okkur þá að skilja myndir Ragnheiðar Jónsdóttur? Hún er teiknari og myndirnar sem hún sýnir nú á Kjarvalsstöðum eru allar teikningar, reyndar kolateikningar og svo stórar að þær hafa við fyrstu sýn vart nokkuð með að gera viðteknar hugmyndir okkar um teikningar. Þær eru óhlutbundnar og næstum



Ragnheiður Jónsdóttir: Án titils.

eins og mynstur eða áferð í náttúrunni – líkt og steinn eða kóral hafi verið klofinn og þrykkt með honum á pappírinn. Þær eru stórskorar, óreiðukenndar og óræðar. Í slíkum verkum má auðveldlega greina tilvisanir í goðsagnir, genesissögu og dulrænar túlkningar á hinstu rökum tilverunnar. Þetta gerir Halldór Björn Runólfsson auðveldlega í inngangi sínum að vandaðri sýningarskránni.

En þótt óreiðudýptin í sumum myndum Ragnheiðar geti virst vísa til þeirrar frumstæðu óreiðu sem veröldin er talin spretta úr og hét Eyn Soph í ritum gnostisistanna en Ginnungagap í íslenskum fornkvæðum, eru þær vart fullskýrðar með slíkri tilvísun. Sumar myndir eru af einhverju og sumar eru um eitthvað. En sumar teikningar nálgast næstum markmið kólorist-

ans og verða sjálfar eins og veruleiki. Ekki eftirmyndun, ekki túlkun og ekki umfjöllun, heldur líkast-

Myndlist

Jón Proppé

ar því sem við sjáum þegar við lokum augunum eða þegar við horfum á landslag úr óvenjulegri fjarlægð og það fer að líkjast einhvers konar mynstri án þess að verða nokkurn tímann alveg reglulegt. Slíkar myndir eru líkari tónlist en myndlist.

Líkt og Guðmundur Finnbogason sagði um tónverkin, þarf ekki að þýða slíkar myndir. Þær eru ekki einasta óháðar öllu tungumáli og ótengdar nokkrum tiltakanlegum

aðstæðum eða menningarheimi, heldur eru þær eins og óháðar bæði áhorfandanum og listamanninum. Þær öðlast sjálfstætt líf og ógra okkur alveg ein og jörðin sjálf og öll náttúran gera. Listamaðurinn er þá orðinn eins og miðill eða verkfæri sem veruleikinn birtist gegnum. Hann skoðar ekki tilveruna og lítar hana í frásögn, heldur leyfir henni að búa sjálfa sig til með þeim tækjum og aðferðum sem hann hefur vald á.

Slíkar myndir eru erfðar og einfaldar í senn: þær eru handan þess sem við getum felt í frásögn og tákn. Ragnheiður Jónsdóttir er meistari þessara mynda – hún bjó þær til – en myndirnar sem hún teiknaði eru meira en list. Þær eru ótæmandi uppspretta merklingar, alveg eins og veruleikinn sjálfur.

Smáauglýsingar – Sími 632700 Þverholti 11



Útsala! Galant GLSi 2000, árg. '91, til sölu, ekinn 47 þús. km, einn með öllu, gullfallegur bíll. Verð 1.050 þús. Til sýnis og sölu á Bílasölu Reykjavíkur, Skeifunni 11, sími 91-678888. Heimasími eftir kl. 19 92-12354.

Jeppar




Einn sérstæðasti Rússajepi landsins, GAZ 69, árg. '56, fyrsti bíll úr annarri sendingu, jeppaskoðaður, 283 vél, splittuð drif, Warn spil, T-43 kassi. Verð 750.000 eða tilboð. Skipti möguleg. Uppl. í síma 91-74875.



Chevrolet Suburban '83, 8 manna, 6,2 dísil með mæli, 400 turbo skipting, no spin aftan og loftlæsingar framan, stýristjakkur, 38" radialdekk, upphækkaður, serskoðaður. Uppl. í síma 91-641420 og eftir kl. 20 í s. 91-44731.

Líkamsrækt



Vöðvabólgu með rafmagnsnuddi, svæðanuddi og þörungabókstrum. Heilsuráðgjöf, efnaskortsmæling, svæðanudd og þörungaböð. Heilsuráðgjafinn, Sigurdis, s. 15770 kl. 13-18, hs. 31815. Kjörgarði, 2. hæð.

Skemmtanir



Félag íslenskra hljómlistarmanna útvegar hljóðfærarleikara og hljómsveitir við hvers konar tækifæri: sígild tónlist, jazz, rokk og öll almenn danstónlist. Uppl. í síma 91-678255 alla virka daga frá kl. 13-17. Lifandi tónlist – Lifandi fólk.



Ný sending af þýskum „Bundeswehr“ úlpum.

Verð 4.900 kr. Opíð 13-18 virka daga.

Versl. Arna Supra Hverfisgötu 64a sími 91-622322